

Tillaga frá vísindanefnd háskólaráðs um heimild til að veita allt að þriggja ára styrki

GLR og HJ

Vísindanefnd háskólaráðs leggur til að gerð verði neðangreind breyting á 4. m.gr. 75. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Breytingin felur í sér að stjórn sjóðsins er heimilað að veita styrki til allt að þriggja ára með fyrirvara um fjárveitingu. Tillagan er liður í einföldun umsóknarferlis í samræmi við *Stefnu Háskóla Íslands 2016 til 2021* (aðgerð 2.6.2). Miðað er við að þriggja ára styrkir verði eftirleiðis meginreglan. Slíkt verklag mun augljóslega draga verulega úr vinnu kennara og sérfræðinga við umsóknir og einfalda matsferlið fyrir stjórn sjóðsins og fagrað. Áfram verður unnt sækja um og að veita styrki til eins eða tveggja ára í samræmi við umsóknir og eðli rannsóknaverkefna.

ÚR REGLUM FYRIR HÁSKÓLA ÍSLANDS
Nr. 569/2009

75. gr. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands

[Tilgangur Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands er að efla rannsóknir í Háskóla Íslands. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands skiptist í verkefnasjóð og doktorssjóð.

Háskólaráð ákveður árlega fjárveitingu til sjóðsins.

Stjórn Rannsóknasjóðs er skipuð formönnum fimm sjálfstæðra fagraða, einu fyrir hvert fræðasvið. Formaður er skipaður af háskólaráði samkvæmt tilnefningu rektors. Rektor skipar fagraðin, sem í sitja fjórir til fimm sérfræðingar og þar af skal einn vera í meginstarfi utan háskólans. Hlutverk fagraða er að annast faglegt mat og forgangsröðun umsókna í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands, doktorssjóð Rannsóknasjóðs og Háskólasjóð Eimskipafélagsins. Formenn fagraða halda reglulega samráðsfundi meðan á mati umsókna stendur. Faglegt mat skal byggja á viðmiðum sem vísindanefnd háskólaráðs setur. Verkefnisstjóri á vísinda- og nýsköpunarsviði háskólans starfar með stjórn sjóðsins og fagraðum.

Stjórn Rannsóknasjóðs annast úthlutun úr sjóðnum á grundvelli tillagna fagraða. **Heimilt er að veita styrki til allt að þriggja ára með fyrirvara um fjárveitingu.**

Kennarar og sérfræðingar við Háskóla Íslands og stofnanir hans, sem hafa rannsóknir að aðalstarfi og hafa verið ráðnir á grundvelli hæfnisdóms, geta sótt um stuðning sjóðsins. Að auki geta nýdóttarar, er uppfylla skilyrði sjóðsins, sótt um sérstaka nýdóttarastyrki sem stjórn sjóðsins er heimilt að auglýsa. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt að auglýsa ferðastyrki fyrir doktorsnema.

Við mat á verkefnum skal fyrst og fremst fara eftir vísindagildi þeirra og rannsóknvirkni umsækjenda. Við úthlutun skal séð til þess að sérfræðingar á viðkomandi sviði gefi faglega umsögn um allar nýjar umsóknir styrkhæfra umsækjenda.

Vísindanefnd háskólaráðs setur stjórn Rannsóknasjóðs og fagraðum viðmið um úthlutun og ákveður skiptingu fjár á milli verkefnasjóðs og doktorssjóðs, sbr. 1.mgr.

Í kjölfar hverrar úthlutunar skal stjórn Rannsóknasjóðs gefa háskólaráði og vísindanefnd háskólaráðs skýrslu um úthlutun úr sjóðnum.]¹

¹Breytt með samþykkt háskólaráðs 8. september 2016.